

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2015, fimmtudaginn 12. nóvember var haldinn 133. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn hófst kl. 17:05 og var haldinn í Fólkvangi. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir, Hafsteinn Númason og Jóna Björg Sætran áheyrnafulltrúi. Auk þeirra sat fundinn Ingibjörg Sigurbórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs og Margrét Richter sérfræðingur- fjármála og rekstrar í Miðgarði sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt var fram kjörbréf. Nýr áheyrnafulltrúi Framsóknar og flugvallavina, Jóna Björg Sætran, kemur í stað Eiríks Hans Sigurðarssonar.
- Kl. 17:13 tekur Ólafur Þór Zoéga sæti á fundinum.
2. Kynnt var hugsanlegt verkefni með samrekstur á skólabókasafni og borgarbókasafni í Klébergsskóla á Kjalarnesi.
3. Staða á stígamálum meðfram Brautarholtsveg var kynnt. Áætlað er að upplýstur stígur verði kláraður 1. júlí 2016.
4. Kynntar tvær ábendingar íbúa af Betri Reykjavík. Væntanlegur göngu- og hjólreiðastígur og öryggismyndavélar eru nú í vinnslu á Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.
5. Erindi um Akurholt í Úlfarsfellslandi var fellt niður þar sem það átti ekki erindi á fundinn.
6. Lagt fram bréf, dagsett 9.október 2015, vegna breytinga á deiliskipulagi við Melavelli.
7. Fjallað var um það helsta sem hafði verið rætt á opnu húsi 8. október síðastliðinn. Þar bar helst á góma að slæmt ástand er á húsnæði félagsheimilisins Fólksvangi, t.a.m. lekur þakið. Rætt var um að ljósleiðaranet upp í Arnarholt sé lélegt. Kynnt að búið er að setja upp stein með upplýsingaskilti við Barnalundinn í hverfinu og kvenfélagið er kominn með bekk sem verður settur upp þar síðar.

### Fundi slitið kl. 18:15

Sigríður Pétursdóttir, formaður

Ólafur Þór Zoéga  
Eldey Huld Jónsdóttir

Guðfinna Ármannsdóttir  
Hafsteinn Númason